

Nd.

## 164. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenskum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur eða tvær tólf stunda vökur, eftir því sem hásetar á viðkomandi skipi kjósa heldur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í grein þessari skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Svo sem flestum mun kunnugt og þá bezt þeim, er voru sjómenn á togurum fyrir 1921, var ástandið þannig, að þá var algengt, að farið væri á veiðar og menn látnir vinna sleitulaust án svefnis eða hvíldar tvo til þrjá fyrstu sólarhringana. Eftir slíkan vinnutíma var það oftast venjan, að menn fengu að kasta sér niður og hvíla sig í örfáa klukkutíma.

Árið 1921 var sú mikla breyting á þessu ófremdarástandi, að samþykkt voru lög um hvíldartíma háseta á botnvörpuskipum, þar sem ákveðinn var 6 klst. hvíldartími í sólarhring. Lög þessi voru síðan endurbætt 1928 og hvíldartíminn lengdur upp í 8 klst.

Lög þessi hafa réttilega hlotið mikið lof, og er fyrir löngu svo komið, að jafnvel þeir, sem mest börðust gegn þeim og töldu samþykkt þeirra stöðva allan togaraflotann, viðurkenna nú nauðsyn hins lögskipaða hvíldartíma á togurum.

Nú hafa togarasjómenn orðið að búa við 16 stunda vinnudag í 18 ár, og ef sangirnir er látin ráða dómum manna um þetta mál, munu allir sammála um, að sextán stunda vinna á sólarhring er of löng, þegar til lengdar lætur. Hraustbyggðustu menn endast ekki nema í tiltölulega fá ár með slíkum vinnubrögðum. Er það furðulegt, að löggjafinn skuli ekki fyrir löngu hafa stigið dálítið lengra, t. d. komið vinnutímanum niður í 12 stundir.

Frumvarp það, sem hér er flutt, stefnir að þessu með því að lögbjóða 12 klst. hvíldartíma á sólarhring á togurum.

Efni frv. er ekki nýtt hér í þingsölum, því að frumv. að mestu samhljóða þessu var flutt af Ísleifi Högnasyni á Alþingi 1942, en náði þá ekki fram að ganga, heldur dagaði uppi í nefnd.

Sú þróun hefur á orðið á síðari árum, að viðurkennt er réttlæti þeirrar kröfu verkalýðsins að stytta vinnudaginn, og hefur nú 8 klst. vinnudagur komizt á um land allt. Með hliðsjón af því, sem áður er sagt, er fullkomlega réttlátt, að mál þetta sé nú tekið upp að nýju og togaravökulögin endurskoðuð og bætt í samræmi við óskir og þarfir sjómanna. Sem dæmi um óskir sjómanna í þessu máli má benda á, að á nýafstöðnu alþýðusambandsþingi var einróma samþykkt ályktun um nauðsyn þess að fá stytta vinnutímamann á togurunum.

Ákvæði frumvarps þessa, ef að lögum yrði, mundi afnema úrelt form og tryggja sjómönnum á togurum þann hvíldartíma, sem telja verður ýtrasta lágmark.